



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum um skráningu frídaga leikskólabarna milli jóla og nýárs

Á 224. fundi skóla- og frístundaráðs, 8. febrúar 2022, lagði áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskólum fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hefur verið skoðað hvort hægt væri að færa skráningar vegna fría í kringum jól inn í Völuna? Margir foreldrar upplifa mikla pressu þegar listar þar sem börn eru skráð í frí í kringum jól og nýár til að fá niðurfelld leikskólagjöld eru hengdir upp og allir geta séð hvort barnið verður í frí eða ekki. Foreldrar geta því miður ekki alltaf tekið frí þessa daga. Það hefur verið almenn ánægja með þetta nýja fyrirkomulag að hægt sé að fá afslátt af leikskólagjöldum ef barnið er skráð í frí með nægum fyrirvara en það mætti kannski slípa fyrirkomulagið aðeins og þá liggur beint við að nýta Völuna líkt og gert er með lengda viðveru í frístund.

Svar:

Fyrirkomulag um niðurfellingu gjalda á milli jóla og nýárs fer fram rafrænt í gegnum vala.is. Það fyrirkomulag hefur verið við lýði síðastliðin þrjú ár. Það ætti því ekki að vera þörf fyrir foreldra að skrá sérstaklega frídaga barna á lista í fataklefa. Ef leikskólastjóri óskar eftir skráningu barna á öðrum dögum en þeim sem niðurfelling nær yfir, og viðkomandi foreldri vill ekki skrá með þeim hætti, má benda á möguleikann að foreldrar skrái barnið í frí í gegnum Völu kerfið.